

16.3.09

Fjármálaráðuneytið

Alþingi

Erindi nr. P 136/1247

komudagur 16.3.2009

**Frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum.
(mál 244)**

1)

3. mgr. 4. gr. frumvarpsins fellur niður (sbr. ath. frá FLE og Viðskiptaráð)
Málgreinin kemur fram í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

2)

Breyting á 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins (sbr. ath. frá SFF og SA)
Í stað orðsins „sínar“ kemur: félagsins

3)

Á eftir 7. gr. bætist við ný grein er verði 8. gr. og orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. Orðin „námskeið og“ í 3. mgr. falla brott.

b. 4. mgr. orðast svo: Ráðherra skal skipa þriggja manna prófnefnd sem heldur próf fyrir þá sem sækja um viðurkenningu sem bókari. Prófnefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Í reglugerð sem ráðherra setur skal m.a. kveðið nánar á um skilyrði til próftöku, prófgreina, framkvæmd prófa og lámarksárangur til að standast þau. Kostnaður vegna prófa, þ.m.t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með próftökugjaldi sem ráðherra ákveður. Við ákvörðun á fjárhæð þeirra skal við það miðað að þau séu eigi hærri en kostnaður.

Um greinina:

Lagt er til breytinga í þeim tilgangi að opna fyrir þeim sem óska eftir að fara beint í próf án námskeiðs (t.d. þeirra sem unnið hafa við bókhald í mörg ár). Eins að fleiri skólar geti boðið upp á nám til bókara sem hafi svo möguleika á að fara í viðurkenningar próf.